

Reglur um stuðnings- og stoðþjónustu Húnaþings vestra

Húnaþing vestra veitir einstaklingum stuðnings- og stoðþjónustu eftir því sem þörf krefur. Þjónustan byggir á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum, lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Fjallað er um markmið stuðningsþjónustu í VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, félagslega heimaþjónustu og heimsendingu matar í X. kafla laganna, málefni barna og ungmenna í VIII. kafla, þjónustu við fatlað fólk í XI. kafla og samráð milli stofnana í meðferð einstakra mála í XVI. kafla. í 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 er fjallað um heimaþjónustu. Reynist þörf fatlaðs einstaklings meiri eða sérhæfðari en svo að henni verði fullnægt með almennri stuðningsþjónustu skal veita stoðþjónustu skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk nr. 38/2018. Nánar er kveðið á um stoðþjónustu fyrir fatlað fólk í 1.- 3. tl. og 5. tl. 8 gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Í reglum þessum er talað um stuðningsþjónustu, þjónustu eða stuðning hvort heldur stuðningur er veittur skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga eingöngu eða lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þjónustan er samþætt hjá Húnaþingi vestra og byggir á einstaklingsmiðuðu mati á stuðningsþörfum sem unnið er í samvinnu við umsækjanda. Við framkvæmd reglna þessara skulu hafðar að leiðarljósi leiðbeiningar Sambands íslenskra Sveitarfélaga um stoðþjónustu skv. lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir, leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um stuðningsþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum og ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þ.m.t. ákvæði er lúta að viðeigandi aðlögun.

I. kafli Almenn ákvæði

1. gr. Markmið

Markmið stuðningsþjónustu er að aðstoða og styrkja einstaklinga sem þurfa á stuðningi að halda við heimilishald og athafnir daglegs lífs eða til þess að rjúfa félagslega einangrun.

Stuðningsþjónusta skal miða að því að efla umsækjanda til sjálfshjálpar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi. Þjónustan skal taka mið af einstaklingsbundnum þörfum og miða að valdeflingu og hvatningu til virkrar þátttöku í samfélaginu. Mat á stuðningsþörf er ávallt unnið í samvinnu við umsækjanda.

2. gr. Réttur til þjónustu

Umsækjendur þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði til þess að fá þjónustu skv. reglum þessum:

1. Umsækjandi sé orðinn 18 ára og eigi lögheimili í Húnaþingi vestra.
2. Umsækjandi búi á eigin heimili eða með foreldrum/ættingjum/forráðamönnum.

3. Umsækjandi er metinn í þörf fyrir stuðning vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda eða fötlunar skv. matsviðmiðum í fylgiskjali 1.

Aðstoð skal veitt börnum og eða fjölskyldum barna samkvæmt reglum um stuðning fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

Einstaklingur sem náð hefur 67 ára aldri og fengið stuðning fyrir þann aldur skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir getur átt rétt á stuðningi áfram séu skilyrði reglna þessara uppfyllt. Einstaklingur sem náð hefur 67 ára aldri og sækir um þjónustu samkvæmt reglum þessum getur átt rétt á stuðningi skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir ef sýnt þykir að fötlun hans stafi ekki af aldurstengdri skerðingu.

Einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimili eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu eiga ekki rétt á þjónustu skv. reglum þessum. Það sama gildir um þá sem búa á heimilum fyrir fatlað fólk, s.s. íbúðakjörnum. Heimilt er að veita þjónustu skv. reglum þessum í ákveðnum tilfellum til þess að rjúfa félagslega einangrun einstaklings sem býr á stofnun, í samráði við einstakling og þjónustuaðila.

3. gr.

Inntak þjónustu og umfang

Stuðningsþjónusta getur verið veitt innan og utan heimilis umsækjanda og er alla jafna um einstaklingsmiðaðan stuðning að ræða. Með stuðningsþjónustu er átt við stuðning við heimilishald, athafnir daglegs lífs og/eða félagslegan stuðning til þess að rjúfa félagslega einangrun. Markmið stuðningsþjónustu er ávallt að veita umsækjanda stuðning og þjálfun til þess að geta búið heima og verið félagslega virkur.

Stuðningur getur falið í sér:

- Stuðning við heimilishald s.s. þrif á heimili, matseld og önnur heimilisstörf.
- Stuðning við athafnir daglegs lífs s.s. persónulega aðhlyningu, hreinlæti, klæða sig/hátta, borða, taka inn lyf og annað sem varðar athafnir daglegs lífs.
- Félagslegan stuðning og/eða stuðning við rekstur erinda.
- Heimsendan mat.
- Öryggisinnlit.
- Sérhæfða ráðgjöf og/eða uppeldisráðgjöf.
- Aðstoð við umönnun barna og/eða stuðning við börn.

Stuðningsþjónusta samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga getur verið að hámarki 15 klukkustundir á viku.

Reynist stuðningsþörf meiri vegna fötlunar skal veita viðbótarþjónustu skv. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 sem kemur til viðbótar almennri stuðningsþjónustu. Skilyrði er að umsækjandi teljist fatlaður í skilningi framangreindra laga.

Þegar þjónusta er veitt á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skal hún vera samþætt og taka mið af einstaklingsmiðuðum stuðningsþörfum umsækjanda. Skal stuðningurinn einnig taka mið af

þörfum umsækjanda fyrir hæfingu, endurhæfingu, menntun og vinnu, sérhæfðri ráðgjöf, félagslegum stuðningi og ástundun tómsunda og menningarlífs.

II. kafli Umsóknir og mat

4. gr. Umsókn um stuðningsþjónustu

Sótt er um stuðningsþjónustu í gegnum íbúagátt. Umsækjandi getur veitt öðrum aðila skriflegt umboð til að sækja um þjónustu fyrir sína hönd.

Starfsfólki á fjölskyldusviði er heimilt að afla og óska eftir nauðsynlegum fylgigögnum til þess að meta umsóknina. Dæmi um nauðsynleg fylgigögn eru læknisvottorð þegar um heilsufarslegar ástæður er að ræða, greiningu á fötlun og gilt örorkumat ef umsókn byggir á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Starfsmenn fjölskyldusviðs sem veita ráðgjöf gera einnig umsókn um stuðning í samráði við umsækjanda komi í ljós að þörf sé á stuðningi.

5. gr. Samvinna og ráðgjöf

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við persónulegan talsmann hans eða umboðsmann ef við á. Persónulegur talsmaður skal leggja fram samkomulag við hinn fatlaða, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður fjölskyldusviðs bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um önnur réttindi sem hann kann að eiga. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um stuðningsþjónustu og aðstoða við öflun nauðsynlegra gagna ef þörf er á.

6. gr. Mat á stuðningsþörf og afgreiðsla umsókna

Uppfylli umsækjandi skilyrði 2. gr. reglna þessara skal leggja mat á stuðningsþörf í samvinnu við umsækjanda samkvæmt matsviðmiðum í fylgiskjali 1 með reglum þessum.

Við mat á stuðningsþörf er horft til eftirfarandi þátta sem hafa áhrif á athafnir daglegs lífs:

- a) Færni/getu og styrkleika.
- b) Félagslegra aðstæðna og tengslanets.
- c) Samfélagsþátttöku, valdeflingu og virkni umsækjanda.
- d) Þarfar fyrir stuðning og hvaða afleiðingar töf hefur fyrir umsækjanda.
- e) Annars veitts stuðnings.

Við matið er tekið mið af þörfum og markmiðum umsækjanda, líkamlegu og andlegu heilsufari, félagslegri virkni, styrkleikum og félags- og fjölskylduaðstæðum. Ávallt er haft að leiðarljósi að

umsækjandi er virkur þátttakandi í samfélaginu og mikilvægt að hann fái stuðning við það sem hann getur ekki gert.

Tekið er mið af matstækjum við mat á stuðningsþörf ef við á, s.s. niðurstöðum RAI mats, WHODAS eða SIS mats. Horft er til þess hvaða áhrif það hefur að töf verði á veitingu stuðnings í mati á stuðningsþörf.

MOMA teymi (Móttöku- og matsteymi samþættrar heimaþjónustu) og/eða fagteymi fjölskyldusviðs annast afgreiðslu umsókna samkvæmt reglum þessum. Matsteymi er heimilt að óska eftir nauðsynlegum upplýsingum til þess að meta stuðningsþörf.

Leiði mat á stuðningsþörf í ljós að þörf fyrir stuðning og þjónustu er meiri og víðtækari en veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga getur sveitarfélagið óskað eftir því að gert sé mat á stuðningsþörf - SIS mat.

Þegar stuðningsþörf er metin skal leggja mat á hvort þörf sé fyrir fjölþættan og viðvarandi stuðning. Fatlað fólk, börn og fullorðnir, sem þurfa fjölþættan og viðvarandi stuðning margra þjónustukerfa eiga rétt á að gerð sé einstaklingsbundin þjónustuáætlun skv. 12. og 19. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Skal umsækjanda kynntur réttur á að gerð sé einstaklingsbundin þjónustuáætlun og hvernig ferli slíkrar áætlunar fer fram. Ávallt skal fá upplýst samþykki umsækjanda til að gera einstaklingsbundna þjónustuáætlun og vinna í þverfaglegu þjónustuteymi.

Sé niðurstaða matsteymis að ekki sé þörf á stuðningsþjónustu miðað við fyrirliggjandi mat á stuðningsþörf ber að synja umsókn.

Sé ekki unnt að hefja þjónustu strax eða innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar skal umsókn sett á biðlista. Umsækjandi skal upplýstur um áætlaðan biðtíma og hvaða þjónusta geti staðið honum til boða á biðtíma sbr. reglugerð nr. 1035/2018 um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu.

Umsóknum er forgangsraðað með hliðsjón af mati á stuðningsþörf og hvaða afleiðingar töf á stuðningi hafi fyrir umsækjanda, sjá fylgiskjal 2 með reglum þessum.

7. gr. Gildistími

Stuðningsþjónusta er samþykkt til 6 mánaða í senn og tekur mið af mati á stuðningsþörf umsækjanda. Heimilt er að ákveða stuðningsþjónustu til allt að 12 mánaða ef sýnt þykir að aðstæður umsækjanda breytist ekki. Ef aðstæður umsækjanda breytast verulega eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða gildistíma. Umsækjanda er ætíð heimilt að óska eftir endurmati á stuðningsþörf hafi orðið breytingar á færni eða aðstæðum hans. Ef óskað er eftir áframhaldandi þjónustu skal sækja um að nýju 4 vikum áður en samkomulag rennur út og skal stuðningsþörf þá endurmetin.

III. kafli Framkvæmd þjónustu

8. gr.

Samkomulag um stuðningsþjónustu

Áður en þjónusta hefst skal gert samkomulag milli aðila þar sem fram kemur tilgangur með stuðningi, hvernig settum markmiðum skuli náð, hvernig stuðningur skuli veittur, tímafjöldi og gildistími samkomulags. Stuðningur er veittur í samræmi við þörf og að jafnaði í tiltekinn fjölda klukkustunda á viku á grundvelli mats á stuðningsþörf sbr. 6. gr. reglna þessara. Samkomulag er ávallt unnið í samvinnu við umsækjanda.

Í samkomulagi skal vera ákvæði um upplýsingagjöf milli aðila. Í samkomulagi skal einnig tiltaka önnur þau atriði sem mikilvægt er að komi fram við framkvæmd þjónustunnar m.a. áætlaðan útlagðan kostnað.

Starfsmönnum er óheimilt að fara með fjármuni notanda stuðningsþjónustu en hægt er að gera samning um meðferð vasapeninga sem undirritaður er af notanda eða forráðamönnum þegar það á við. Starfsmönnum er einnig óheimilt að geyma lykla að heimili notanda. Starfsmaður fer ekki inn á heimili notanda þegar viðkomandi er ekki heima.

9. gr.

Kostnaður og ferðir

Notandi stuðningsþjónustu greiðir allan eigin kostnað vegna frístundastarfs sem hann tekur þátt í með stuðningsaðila. Húnaþing vestra endurgreiðir starfsmanni stuðningsþjónustu útlagðan kostnað skv. reglum þar um og til samræmis við áætlaðan útlagðan kostnað sem skilgreindur er í fyrirbyggjandi samkomulagi.

Miðað er við að starfsmenn stuðningsþjónustu skrifi undir samkomulag um afnot af eigin bíl í starfi eða notist við bíla sem Húnaþing vestra á.

10. gr.

Notendasamningar

Einstaklingar og barnafjölskyldur sem metnar hafa verið í þörf fyrir stuðningsþjónustu geta sótt um að gera notendasamning sbr. 28. gr. laga um félagþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 eða 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Notendasamningur felur í sér að notandi stjórnar því hver veitir aðstoðina, hvenær hún er veitt og hvernig, þannig að best henti hverjum og einum.

11. gr.

Sambætt og heildstæð þjónusta

Stuðningsþjónusta sem veitt er samkvæmt reglum þessum skal vera heildstæð og sambætt þjónusta. Samráð skal haft við umsækjanda við val á framkvæmdaaðila stuðningsþjónustu.

12. gr. Gjaldtaka

Greitt er fyrir stuðningsþjónustu samkvæmt gildandi gjaldskrá. Ekki er reiknað með að fólk greiði fyrir þá þjónustu sem þeim er nauðsynleg við athafnir daglegs lífs.

Gjald er innheimt fyrir heimsendingu matar, garðslátt og aðstoð við þrif. Aldrei er innheimt meira en tveggja tíma aðstoð á viku fyrir gjaldtæka þjónustu.

Unnt er að sækja um undanþágu frá gjaldskyldu eða lækkun á gjaldi til félagsmálaráðs ef brýna nauðsyn ber til.

13. gr. Vinnuaðstæður

Heimili umsækjanda er vinnustaður starfsmanna í stuðningsþjónustu og skulu aðstæður vera í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað skal liggja fyrir sem byggð er á áhættumati sem nær til allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á heilsu og öryggi. Heimilt er að fresta stuðningi ef öryggi starfsmanna er ógnað.

IV. kafli Málsmeðferð

Sbr. ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og ákvæði VII. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

14. gr. Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hefur borist. Taka skal ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

15. gr. Varðveisla gagna, trúnaður og siðareglur

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Starfsmenn eru bundnir trúnaði og skulu gæta þagnarmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu um persónulega hagi notenda og fara með allar upplýsingar sem þeir fá sem trúnaðarmál. Starfsmenn skulu skrifa undir þagnarheit. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum.

Umsækjandi þarf að veita skriflegt leyfi ef fjalla á um einstaka mál í teyllum sem mynduð eru í kringum viðkomandi.

Starfsmönnum er ekki heimilt að taka við gjöfum eða greiðslum frá notendum þjónustunnar eða aðstandendum þeirra.

16. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn fjölskyldusviðs Húnaþings vestra og/eða verktakar á þess vegum taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði félagsmálaráðs.

Félagsmálaráð hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og notandi fer fram á það með sérstakri beiðni til ráðsins innan fjögurra vikna frá því notanda barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálaráð skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

17. gr.

Kynning á ákvörðun

Kynna skal niðurstöðu umsóknar fyrir umsækjanda með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Ef umsókn er sett á biðlista er umsækjanda tilkynnt það skriflega. Sé umsókn um þjónustu hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna og/eða annarra reglna eða laga, eftir því sem við á. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til frekari rökstuðnings og réttur til að áfrýja ákvörðuninni.

18. gr.

Áfrýjun

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað við afgreiðslu umsóknar skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun matsteymis til félagsmálaráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálaráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur kært ákvörðun félagsmálaráðs til Úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda var tilkynnt um ákvörðun.

19. gr.

Endurupptaka

Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt aðila máls á hann rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný, innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var kynnt, ef ákvörðun var byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum.

20. gr. Gildistaka

Reglur voru samþykktar á 259. fundi félagsmálaráðs Húnaþings vestra 29. janúar 2025 og á 388. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra 13. febrúar 2025.

Reglur þessar öðlast gildi 1. janúar 2025.

Með reglum þessum falla úr gildi Reglur um félagslega heimaþjónustu nr. 668/2012 og Reglur um félagslega liðveislu nr. 667/2012.

Fylgiskjal 1 - Mat á stuðningsþörf

Mat á stuðningsþörf er ávallt unnið í samvinnu við umsækjanda.

Horft er til eftirfarandi þátta þegar stuðningsþörf er metin:

- **Færni, geta og styrkleikar.** Hverjir eru styrkleikar umsækjanda, færni hans og geta í samskiptum er skoðuð og félagslega færni.
- **Félagslegar aðstæður og tengslanet.** Fjölskylduaðstæður, nánasta umhverfi fjölskyldu og tengslanet er skoðað. Einnig er horft til þess hvort umsækjandi fær ráðgjöf og stuðning annars staðar frá. Líðan barns og/eða barna í fjölskyldunni.
- **Samfélagsþátttaka, valdefling og virkni.** Hvernig er virkni umsækjanda, er hann í vinnu, skóla, er hann með áhugamál, stundar hann félagsstarf, ef um barn er að ræða þarf að skoða þátttöku þess og virkni í skóla og frístund, frítíma ofl.
- **Heilsufar, fötlun og hegðun.** Meta þörf fyrir stuðning vegna andlegrar og líkamlegrar heilsu, fötlun og hegðunarvanda.

Við mat á stuðningsþörf er einnig horft til þess:

- Hvort umsækjandi eigi rétt á þjónustu skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
- Hversu brýn þörf umsækjanda er fyrir stuðning.
- Hvort umsækjandi hafi þörf fyrir fjölþættan og langvarandi stuðning.
- Hvaða áhrif töf á veitingu stuðnings hefur fyrir umsækjanda eða fjölskyldu hans.

Við mat á stuðningsþörf er horft til þess hvort þörf sé fyrir stuðning á eftirfarandi sviðum:

- Við athafnir daglegs lífs
- Við heimilishald
- Til að efla félagsleg samskipti

- Vegna heilsu s.s. lyf, svefn, næring
- Við samgöngur
- Við meðferð einkafjármuna
- Til að stunda menntun
- Til að stunda vinnu
- Vegna þátttöku í félagsstarfi
- Frístundir
- Vegna samskipta
- Vegna hegðunar
- Til að efla sjálfstæði

Þegar mat á stuðningsþörf liggur fyrir skal það sýna:

- Hversu brýna þörf hefur umsækjandi fyrir stuðning?
- Hvers konar stuðningur hentar umsækjanda best?
- Hvaða afleiðingar töf á veitingu þjónustu hafi fyrir umsækjanda?
- Hvenær er þörf fyrir stuðning í dæmigerðri viku?

Viðmið fyrir forgangsröðun stuðningsþjónustu

Flokkur 1 – Mjög mikil þörf

Flokkur 2 - Mikil þörf

Flokkur 3 - Meðal þörf

Flokkur 4 - Lítil þörf

Flokkur 5 - Engin þörf